



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25.2.2021
Tilvísun: 202102-0036

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára
aldurstakmörkunar í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur
starfsmanna ríkisins, 185. mál**

ASÍ er hlynnt því að frá hverskonar órökstuddri og ómálefnalegri mismun vegna aldurs verði horfið. Markmið tillögunnar er að hefja umræðu í samráði við samtök opinberra starfsmanna um breytingar á lögum nr. 70/1996 sem gert geti starfsmönnum ríkisins kleift að vinna eftir 70 ára aldur, kjósi þeir það. Breytingar í þessu efni varða hins vegar ekki einungis samtök opinberra starfsmanna og munu ef af verður geta haft áhrif á kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ við ríki og sveitarafélög sem ýmist geyma samkynja ákvæði eða vísa til laganna. Það er skoðun ASÍ að allar breytingar sem varða starfskjör launafólks hjá hinu opinbera eigi að vinna í samvinnu viðeigandi aðila kjarasamninga, þar með talið þau aðildarsamtök ASÍ sem semja við ríki og sveitarfélög en ekki einungis samtök opinberra starfsmanna.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2021

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 185. mál

BSRB hefur fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar þar sem lagt er til að fjármála- og efnahagsráðherra verði falið, í samráði við félags- og barnamálaráðherra, að hefja viðræður við samtök opinberra starfsmanna um að afnema úr lögum ákvæði sem kveða á um 70 ára starfslokaaldur starfsmanna ríkisins. BSRB fagnar tillögunni og lýsir sig reiðubúið til þess að taka þátt í slíkri vinnu.

Bandalagið vísar að öðru leyti til ítarlegrar umsagnar sinnar um samskonar þingmál, sbr. 397. mál á 150. löggjafarþingi, dags. 27. mars 2020.

Fyrir hönd BSRB



Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur